

93. fundur skráningarráðs haldinn 23. september 2015 kl. 9-11 í húsakynnum Landskerfis bókasafna.

Fundarmenn: Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir (formaður) og Þóra Sigurbjörnsdóttir (fundarritari). Áslaug Þorfinnsdóttir boðaði forföll.

Auk þess sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis, Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis bókasafna, Magnhildur Magnúsdóttir, Sigrún J. Marelsdóttir og Sóley Hjartardóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin og samþykkt með örlitlum breytingum.

Tillaga Hildar um að fundargerðir verði samþykktar með tölvupósti samþykkt. Fundarmenn geri athugasemdir innan viku eftir að fundarritari sendir fundargerðina út. Einnig samþykkt að fundargerðir verði birtar í Handbók skrásetjara undir flípanum Skráningarsamvinna ásamt því að vera birtar áfram á vef Landskerfis bókasafna.

2. Óbreytt kiljuútgáfa – ný færsla eða ekki

Fyrir lágu breytingartillögur Hallfríðar og Sigrúnar J. við skjal skráningarráðs: Greining útgáfuárs á bókum;

Skráið saman í eina færslu innbundna útgáfu og óbreytta kiljuútgáfu. Veljið útgáfuár innbundnu útgáfunnar. Ef útgáfuár kiljunnar er annað er þess getið í athugasemd. Þessi regla á við þótt útgefandi merki óbreytta kiljuútgáfu sem nýja útgáfu og þótt kiljan komi út síðar en rafbókaútgáfa sem útgefandi telur með í útgáfuröð.

Breytingarnar samþykktar. Hallfríður og Hildur ganga frá skjalinu til birtingar.

3. Skapalón til samræmingar verka milli RDA-vinnuhópa

Sóley lagði fram skapalón til að nota við gerð leiðbeininga um skráningu kvikmynda. Formið er hugsað til notkunar við gerð leiðbeininga um skráningu allra forma. Það á eftir að þróa það betur og bæta við dæmum. Rætt um hversu nákvæmar svona leiðbeiningar þurfi að vera. Hugmynd viðruð um sérstakt skjal með almennum / gegnumgangandi reglum sem eiga við öll útgáfuform, til að tengja í úr mismunandi skjölum. Hallfríður tók að sér að gera uppkast.

4. Kortaskráning skv. RDA

Hildur lagði fram vinnuskjal um kortaskráningu unnið af kortahópi, þ.e. Hildi og Jökli Sævarssyni.

Umræður um skjöl á vef og skjöl á pappír, snið og annað. Skjöl sem þessi eru hugsuð sem vefefni, þurfum að þoka okkur í burtu frá prentmiðaðri hugsun.

Hildur og Sóley útfæra heppilegt form og sýna talsmönnum vinnuhópa.

5. Önnur mál

Sigrún Hauksdóttir sýndi breytingar sem verið er að vinna að á leitir.is. Hægt verður að takmarka leit við gögn úr Gegni sem fundarmönnum fannst gleðilegt. Hins vegar sakna þeir skipanaleitar og skipanakóða úr Gegni.

Næsti fundur er boðaður 15. október kl. 9-11